Kópavogur, 30. ágúst 2022

Viðfangsefni: Kaup á hjóli fyrir íbúa hjúkrunarheimilisins í Boðaþingi, Kópavogi.

Ég vil hér með leggja fram tillögu um kaup á reiðhjóli fyrir íbúa hjúkrunarheimilisins í Boðaþingi. Slíkt hjól hefur verið í notkun á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð frá árinu 2016 og hefur veitt íbúum þess ómælda ánægju og dýrmætt tækifæri til útivistar. Uppruna slíkra hjóla á Íslandi má rekja til samtakanna Hjólafærni sem pöntuðu fyrstu þrjú hjólin til landsins og hafa samtökin Hjólað Óháð Aldri haldið utan um rekstur þeirra og viðhald. Markmið hjólanna er að rjúfa einangrun og efla lífsgleði vistmanna á hjúkrunarheimilum með því að gefa þeim kost að fara út að hjóla. Einn hjólastjóri er ábyrgur fyrir aðalumsjón hjólsins á hverjum stað og svo eru þjálfaðir Hjólarar sem eru ýmisst starfsmenn hjúkrunarheimilanna, sjálfboðaliðar úr nágrenni þeirra eða aðstandendur vistmanna.

Undirritaður hefur starfað sem hjólari fyrir Sunnuhlíð sl. sex ár. Þann tíma hef ég boðið fjölda vistmanna Sunnuhlíðar í hjólatúra við góðar undirtektir. Aldur farþega hefur spannað allt frá besta aldri til 102 ára. Allir hafa haft ánægju af og launin verið í formi ánægju og þakklætis.

Nú þykir mér ráð og þörf á að vistmönnum á hjúkrunarheimilinu í Boðaþingi standi sambærileg tækifæri til útiveru og lánægju til boða. Því vil ég óska eftir því formlega að keypt verði hjól fyrir íbúa þess. Meðfylgjandi eru myndir af hjóli sem myndi henta fyrir þetta lífsgæðaverkefni eldri borgara. Verð á hjóli er í kringum 2.100.000.- krónur.





Það væri undirrituðum og öðrum sjálfboðaliðum Hjólað Óháð aldri ljúft og skylt að veita liðsinni við umsjá slíks hjóls.

Með virðingu og vinsemd,

Svanur Þorsteinsson,
kt. 021147-4309
Hjólari hjá Hjólað Óháð Aldri.
Boðaþingi 14, 201 Kópavogi
Sími: 699-6188
Netfang: alft@internet.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026